

*Flóð íslenskra vatnsfalla – Flóðagreining rennslisraða - Apríl 2018. Hilmar Björn Hróðmarsson og Tinna Þórarinsdóttir, Veðurstofa Íslands.*

Upplýsingar um tíðni og stærð flóða eru nauðsynlegar hönnunarforsendur fyrir vegafamkvæmdir, sem og fyrir mat á áhættuviðmiðum við svæðisskipulag. Á tíunda áratug síðustu aldar gerðu Vegagerðin og Orkustofnun með sér samning um flóðagreiningu nokkurra vatnsfalla og voru þær endurunnar reglulega í framhaldi af því. Í apríl 2009 kom út skýrsla um flóðagreiningu mældra vatnsfalla og viðbót í janúar 2010.

Mikilvægt er að uppfæra flóðagreiningar í tímans rás, enda eru greiningar á endurkomutíma flóða áreiðanlegri eftir því sem rennslisraðir eru lengri. Árið 2017 styrkti rannsóknajóður því verkefni þar sem þessi flóðagreining er uppfærð og eru niðurstöður settar fram í þessari skýrslu. Sett er fram eitt blað (2 bls.) fyrir þau vatnsföll sem hafa verið flóðagreind. Á blöðunum koma meðal annars fram tölulegar upplýsingar um flóð en auk þess er gerð grein fyrir sögu hvers vatnshæðamælis ásamt umsögn um nákvæmni flóðamælinganna.

Undanfarin ár hefur Vegagerðin líka styrkt vinnu þar sem vatnafræðireknilíkanið WaSiM er notað til að meta flóð á ómældum vatnasviðum og er skýrslur um það að finna á vef stofnunarinnar. Niðurstöður þessara verkefna leggja grunn að vitneskju um tíðni og endurkomutíma stærri flóða víða á landinu.